



Samstarfssamningur

Knattspyrnufélags Fjallabyggðar (KF) og Menntaskólans á Tröllaskaga (MTr)
um afreksíþróttþjálfun í knattspyrnu (knattspyrnuakademía)

Menntaskólinn á Tröllaskaga og Knattspyrnufélag Fjallabyggðar gera með sér svohljóðandi samning:

- Þeir iðkendur sem eru á samningi hjá KF og stunda nám við MTr geta valið að stunda nám á afreksíþróttasviði (academia).
- Viðkomandi nemendi verður að vera virkur iðkandi í KF og æfa skipulega og markvisst a.m.k. 4x í viku að jafnaði hjá félaginu.

Kröfur til nemenda um ástundun og mætingar er samkvæmt reglum skólans bæði hvað varðar skólasókn (90%) og æfingasókn (90%).

Samkomulag þetta er forvarnarverkefni. Nemandi skal:

- vera fyrirmynd annarra. Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er ekki liðin
- fylgja reglum skólans í hvívetna
- undirrita samning um þátttöku

Brjóti iðkandi þetta samkomulag hefur hann fyrirgert rétti sínum til þátttöku í knattspyrnuakademíunni.

Skyldur KF eru að:

- halda utan um iðkendurna hvað varðar almennar æfingar og keppni. Skal félagið skila Menntaskólanum umsögn um nemendur (að 128 bókstöfum og einkunn í tölu) bæði fyrir miðannarmat og við lok annar.
- sjá um forvarnarþáttinn
- útvega þjálfara með fullnægjandi þjálfaramenntun er hæfir aldurs- og getustigi hverju sinni

- útvega aðstöðu og áhöld til æfinga er hæfir íþróttinni eins og félaginu er unnt hverju sinni
- útvega rútur félagsins þegar hópinn fer í æfingaleiki inn á Akureyri
- veita fræðslu/fyrirlestra á hverri önn sem tengist þjálfun, lífstíl og markmiðssetningu
- vinna samkvæmt forvarnarstefnu
- greiða fagaðilanum laun

Skyldur MTr eru að:

- leggja til verkefnisins tvær kennslustundir á viku allar kennsluvikur skólans og aðstöðu í íþróttamannvirkjum. Kennslustundirnar fara fram innan stundatöflu eða strax eftir skólatíma
- leggja til verkefnisins eina æfingaferð til Akureyrar á önn. Æfingaferðin er farin á skólatíma
- leggja til verkefnisins tvær til þrjár keppnisferðir til Akureyrar á skólaárinu. Keppnisferðirnar eru farnar utan skólatíma
- veita fræðslu/fyrirlestra á hverri önn um heilbrigða lífshætti
- hafa í boði nám skólans sem tengist íþrótt- og lífeðlisfræði og getur aukið menntun nemandans í íþróttum

Nemandi getur tekið þátt í knattspyrnuakademíu hvaða námsbraut sem hann er skráður á. Nemandi getur tekið áfanga í knattspyrnu án þess að vera í knattspyrnuakademíu.

Nemendur sem eru jafnframt í knattspyrnuakademíu geta fengið leyfi frá skólaasókn til að taka þátt í keppni en fá **ekki** heimild til að fresta verkefnaskilum eða undanþágu frá þeim.

Samningur þessi tekur gild 15. ágúst 2013

f.h. Knattspyrnufélags Fjallabyggðar

Dorvaldur S. Guðjónsson

f.h. Menntaskólans á Tröllaskaga

Rannveig Jónsdóttir